

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 17. september 1990

## um breytingu á tilskipun 79/196/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum

(90/487/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samvinnu við Evrópuþingið <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals að bandalaginu, er meðal annars ákveðin tilhögun þeirrar prófunar sem búnadur verður að standast til að flytja megir hann inn, setja á markað og nota eftir að hann hefur verið prófaður og á hann sett merki og merking eins og mælt er fyrir um;

Í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 76/117/EBE er kveðið á um að tilgreindir skulu í sértilskipunum þeir samhæfðu staðlar sem gilda um slíkan búnað í öllum aðildarríkjunum;

Með tilskipun 79/196/EBE, <sup>(4)</sup> eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/665/EBE, <sup>(5)</sup> var komið á frjálsum flutningi á rafföngum með því að beita þeirri varnartilhögun sem talin er upp í 1. gr. hennar og í 1. viðauka eru taldir nákvæmlega upp þeir samhæfðu staðlar sem við eiga.

Með tilliti til núverandi tækni eru samhæfðir staðlar fyrir aðrar gerðir varnartilhögunar og fyrir sérstakan búnað til-tækir. Til þess að koma á frjálsum flutningi búnaðar þar sem notast er við þessar nýju gerðir varnartilhögunar er nauðsynlegt að víkka svið tilskipunar 79/196/EBE þannig að hún taki til þessara gerða. Því er nauðsynlegt að breyta umræddri tilskipun.

SAMPYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 79/196/EBE:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við 1. gr.:

- '— innstept útfærsla „m“
- sjálftrygg útfærsla „i“.

2. Vísunum til eftirtalinnna Evrópustaðla er bætt við I. viðauka:

'EN 50028	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: innstept útfærsla „m“	1	Febrúar 1987
EN 50039	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sjálftrygg útfærsla „i“	1	Mars 1980
EN 50050	Handverkfæri til stöðurafmagnssprautunar	1	Janúar 1986
EN 50053 1. HLUTI	Handbyssur til stöðurafmagnssprautunar á málningu með hámarksorku 0,24 mJ og fylgihlutir þeirra	1	Febrúar 1987(*)
EN 50053 2. HLUTI	Handbyssur til stöðurafmagnssprautunar á dufti með hámarksorku 5 mJ og fylgihlutir þeirra	1	Júní 1989(*)
EN 50053 3. HLUTI	Handbyssur til stöðurafmagnssprautunar á ull með hámarksorku 0,24 mJ eða 5 mJ og fylgihlutir þeirra	1	Júní 1989(*)

(\*)Hér eiga aðeins við þær greinar þar sem fjallað er um gerð tækja sem nefnd eru í stöðlunum EN 50053, 1. 2. og 3. hluta.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 149, 18. 6. 1990, bls. 143 og ákvörðun frá 12. september 1990 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 168, 10. 7. 1990, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 45.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 43, 20. 2. 1979, bls. 20.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 42.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1992. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta þeirra laga sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. september 1990.

*Fyrir hönd ráðsins,*

P. ROMITA

*forseti.*

---